

# Fundargerð

## 2. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll

Fundurinn var haldinn með Teams fjarfundarbúnaði, föstudaginn 5. janúar 2024 kl. 13:00

**Þátttakendur á fundinum voru:** Jón Bjarnason, fulltrúi Hrunamannahrepps, Sýlvía Karen Heimisdóttir fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í forföllum Haraldar Þórs, Regína Sigurðardóttir fulltrúi Forsætisráðuneytisins, Ingvar Atli Sigurðsson fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson fulltrúar Umhverfisstofnunar.  
Fjarverandi: Haraldur Þór Jónsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### Fundarefni

- Samráðs- og hagsmunaaðilagreining
- Önnur mál

### Fundargerð

- Samráðs- og hagsmunaaðilagreining*  
Farið var yfir drög að greiningu sem lá fyrir, fyrir fundinn. Nokkrar breytingar og viðbætur voru gerðar.

### Niðurstaða fundar og næstu skref

Ákveðið var að tilgreindum hagsmuna- og samráðsaðilum verði sent upplýsingabréf um að vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll sé hafin og að vefsvæði fyrir vinnuna verði opnað, þar sem gögn verða sett inn til upplýsinga fyrir alla þá sem málið varðar.

Næsti fundur samstarfshópsins verður boðaður þegar fyrstu drög að áætluninni liggja fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:35